

1. fundur samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárþings ytra 2014 - 2018 haldinn á Hellu 28. ágúst 2014

Dagskrá:

Fyrsti fundur í samgöngu og fjarskiptanefnd haldinn 28.8.2014.

*Mætt eru : Engilbert Olgeirsson, Gyða Árný Helgadóttir, Jóhann Björnsson, Sævar Jónsson og Steindór Tómasson sem ritar fundargerð. Auk þess situr Bjarni Jón Matthíasson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra.
Formaður setti fund og stjórnaði honum.*

1. Nefndarskipan

Á fundi sveitarstjórnar Rangárþing ytra, sem haldinn var 23. júní sl., voru eftirtaldir kjörnir í nefndina:

Aðalmenn:

Engilbert Olgeirsson, formaður

Gyða Árný Helgadóttir

Jóhann Björnsson

Steindór Tómasson

Sævar Jónsson

Varamenn:

Teitur Haraldsson

Íris Bjök Sigurðardóttir

Erna Sigurðardóttir

Þróstur Guðnason

Jóhanna Hlöðversdóttir

2. Erindisbréf nefndarinnar

Fyrir liggur að útbúa þarf erindisbréf fyrir nefndina.

Engilbert greindi frá umræðum formanna núverandi nefnda hvaða málflokkar heyri undir viðkomandi nefndir þar sem búið er að breyta og í ýmsum tilfellum bæta við verkefni þeirra. Af þeim sökum skarast störf nefnda hugsanlega í byrjun og því nauðsynlegt að skýra hlutverk þeirra og skilja á milli.

Að mati nefndarmanna þarf því að semja erindisbréf fyrir nefndina með hliðsjón af þessu.

Meta þarf hvort ástæða sé til þess að tiltaka sérstök mál í erindisbréfi s.s. umferðaröryggismál.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including "160", "JB", "ST", and "ST".

3. Styrkvegaframkvæmdir sveitarfélagsins

- 3.1 Sótt var um styrk til Vegagerðarinnar til áframhaldandi framkvæmda. Vegagerðin úthlutaði 2,5 milljónum til sveitarfélagsins.
- 3.2 Búið er að ráðstafa fé til árlegrar heflunar og í mölburð í svokallaðan Styttung frá vaði við Helliskvísl að Dómadalsleið við Fitjafell. Þessi verkefni hafa þegar verið unnin.
- 3.3 Önnur verkefni ársins.
Rúm milljón er enn til ráðstöfunar af styrkvegafé og þarf að ákvarða ráðstöfun þess á næsta fundi.

3. Hugsanleg kynnisferð um styrkvegi sveitarfélagsins.

Nefndin stefnir á ferð á haustdögum til að kynna sér ástand vega sem er nauðsynlegt til að forgangsraða verkefnum.

4. Ástand vega í sveitarfélaginu

- 5.1 Ábendingar til Vegagerðar o.fl.
Rætt var um slæmt ástand vega víða í sveitarfélaginu og nauðsyn þess að knýja á um úrbætur varðandi það.

5. Fjarskiptamál

*Gera þarf úttekt og þarfagreiningu á úrbótum í fjarskiptamálum þar sem nokkrar leiðir er hægt að fara í því sambandi.
Formanni falið að ræða við sveitarstjóra um stöðu fjarskiptamála í sveitarfélaginu.*

6. Fleiri verkefni nefndarinnar á kjörtímabilinu, ótalin

Samgöngu og fjarskiptanefnd stefnir á að vinna forgangsáætlun til að minnsta kosti fjögurra ára varðandi uppbyggingu og viðhald vega í sveitarfélaginu og fjarskiptamál og skila áliti sínu til sveitarstjórnar í aðdraganda við vinnu að fjárhagsáætlun 2015. Að sögn Bjarna Jóns er nauðsynlegt að gera reglur um snjómokstur með tilliti til forgangs t.d vegna hugsanlegs útboðs í snjómokstur og lýsir nefndin vilja og áhuga á að vinna að því verkefni með BJM og þjónustumiðstöð.

7. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir önnur mál á þessum fundi.

Tauzusef Óganes

Jóhan Björnsson

Ólafur Halgason

Ólafur Halgason

Ólafur Halgason